



Tilnefningar dómnefndar til blaðamannaverðlauna fyrir árið 2020



Verðlaunagripirnir tilbúnir til afhendingar.

Umfjöllun ársins

Birta Björnsdóttir og Guðmundur Björn Þorbjörnsson, RÚV.

Fyrir fjölbreytta, aðgengilega og upplýsandi umfjöllun af erlendum vettvangi sem vakið hefur athygli í þáttunum Heimskviðum.

Erla Björg Gunnarsdóttir og Nadine Guðrún Yaghi, Sýn.

Fyrir áhrifamikla og afhjúpanni umfjöllun Kompáss um dulinn vanda kvenna með þroskahömlun sem leiðst hafa út í vændi.

Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson, Kjarnanum.

Fyrir vandaða og yfirgripsmikla umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 og margháttaðar afleiðingar hans.

Viðtal ársins

Erla Hlynsdóttir, DV.

Fyrir áhrifamikið viðtal við Elísabetu Ronaldsdóttur þar sem lýst er alvarlegu ofbeldi í nánu sambandi.

Hlédís Maren Guðmundsdóttir, Stundinni.

Fyrir viðtal við fjórar ungar íslenskar konur sem eiga rætur að rekja til Asíu og lýsa kynferðislegum kynþáttafordómum í sinn garð allt frá grunnskólaaldri.

Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu

Fyrir viðtal við Ingva Hrafn Jónsson þar sem hann ræðir um andlát bróður síns og þá ákvörðun hans að þiggja dánaraðstoð.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan og Stefán Drengsson, RÚV.

Fyrir fréttaskýringarþátt um afdrif tveggja gámaflutningaskipa sem Eimskip seldi í gegnum millilið til niðurrifs í Indlandi þvert á evrópsk lög.

Freyr Rögnvaldsson og Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson, Stundinni.

Fyrir fréttaflutning um plastmengun í Krýsuvík vegna moltudreifingar umhverfisfyrirtækisins Terra sem Samtök atvinnulífsins völdu umhverfisfyrirtæki ársins 2020.

Nadine Guðrún Yaghi, Sýn.

Fyrir að afhjúpa umfangsmikil og afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningar á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Blaðamannaverðlaun ársins

Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir, RÚV

Fyrir umfjöllun um atvinnuleysi þar sem tekið var á sálrænum, félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum þess í skugga heimsfaraldurs COVID-19.

Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Sýn

Fyrir yfirgripsmiklar og áhrifaríkar fréttir sem fluttar voru beint af vettvangi af aurskriðunum á Seyðisfirði og afleiðingum þeirra.

Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV

Fyrir vönduð fréttatengd viðtöl þar sem sjónum er beint að einstaklingum í erfiðum aðstæðum.

Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna

Eftirfarandi eru nöfn verðlaunahafa Blaðamannaverðlauna BÍ í hverjum flokki verðlaunanna ásamt rökstuðningi dómnefndarinnar.



Verðlaunahafar Kjarnans með verðlaunagripinn.

Umfjöllun ársins

Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson á Kjarnanum

Fyrir umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 og margháttaðar afleiðingar hans

Í umfangsmikilli umfjöllun er fjallað af næmni og dýpt um mannskæðan húsbruna á Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík í fyrrasumar. Blaðamennirnir nálgast atburðinn frá ótal hlöðum, frá þeim mannlega harmleik sem átti sér stað, yfir í kerfislæga jaðarsetningu og oft á tíðum óboðlegan aðbúnað erlends verkafólks á Íslandi.

Viðtal ársins

Orrí Páll Ormarsson á Morgunblaðinu

Fyrir viðtal við Ingva Hrafn Jónsson

Í viðtali Orra Páls við Ingva Hrafn Jónsson undir fyrrisögninni Vill lögleiða dánaraðstoð er dregin upp ný hlið á annars þjóðþekktum manni. Ingvi Hrafn ræðir bróðurmissi á liðnu ári og þau djúpstæðu áhrif sem ákvörðun bróður hans um að þiggja dánaraðstoð hafði á hann. Í framhaldinu fjallaði Orrí Páll nánar um dánaraðstoð og dýpkaði með umfjöllun sinni umræðu um þetta viðkvæma mál.